

3. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 10.apríl 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Björn Torfa son Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Magnús Karl Pétursson 2.varamaður vegna forfalla AB. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Samþykkt um afgreiðslu byggingarnefndar Árneshrepps, fyrri umræða.
2. Athugasemdir vegna friðlýsingar Dranga, bréf lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Skipulagsstofnun varðandi deiliskipulag á Dröngum, tekin fyrir samþykkt fundar skipulagsnefndar.
4. Bréf frá Útlendingastofnun lagt fram til kynningar og umræðu.
5. Bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti varðandi Áfangastaðaáætlun .
6. Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
7. Brunabótafélag Íslands, bréf lagt fram til kynningar.
8. Yfirlit yfir síðustu fundargerðir hreppsnefndar lögð fram til kynningar.
9. Lög um öldungaráð, erindi frá Maríu Játvarðardóttur. Bréf frá Félagi eldri borgara í Strandasýslu, beiðni um styrk.
10. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, lagt fram til kynningar og umræðu.
11. Jöfnunarsjóður, áætlun um tekjur og framlög árið 2019.
12. Bréf frá Háskóla Íslands varðandi vísindarannsókn um Áfallasögu kvenna.
13. Bréf frá Þjóðaskjalasafni Íslands varðandi skjalavörslu og skjalastjórn skrifstofu Árneshrepps.
14. Fundargerð frá fundi með Landsneti á Hólmavík og varðandi stofnun verkefnisráðs.
  1. Samþykkt um afgreiðslu Byggingarnefndar Árneshrepps. Lagt fram til umræðu og samþykktar eftir fyrri umræðu.
  2. Athugasemdir vegna friðlýsingar Dranga, bréf lagt fram til kynningar. Bréf frá Pétri Guðmundssyni sent Umhverfisstofnun og hreppsnefnd.
  3. Bréf frá Skipulagsstofnun varðandi deiliskipulag á Dröngum. Skipulagsnefnd Árneshrepps gerði eftirfarandi bókun á fundi sínum þriðjudaginn 9.apríl 2019;

„Lögð fram lýsing á deiliskipulagi Dranga í Árneshreppi. Skipulagsstofnun féllst ekki á breytingu sem talin var óveruleg breyting á aðalskipulagi og telur hana verulaga. Lögð fram tillaga um að auglýsa lýsingu á deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd Árneshrepps samþykkir að lýsing á deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi verði auglýst“.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir samþykkt skipulagsnefndar samhljóða.

4. Bréf frá Útlengingastofnun lagt fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir við málið.
5. Bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti varðandi Áfangastaðaáætlun. Hreppsnefnd fagnar því að Árneshreppur er nefndur í tveim atriðum í þessari áætlun, Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning og Heilsársvegur í Árneshrepp. Oddvita er falið að koma að málinu af hálfu hreppsins.
6. Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lögð fram til kynningar.
7. Brunabótafélag Íslands, bréf lagt fram til kynningar. Ákveðið var að skoða málið nánar og sækja um ef einhver góð verkefni finnast.
8. Yfirlit yfir síðust fundargerðir lögð fram til kynningar og frágangs.
9. Lög um öldungaráð, erindi frá Maríu Játvarðardóttur. Bíður næsta fundar. Bréf frá Félagi eldri borgara í Strandasýslu, með beiðni um styrk. Ákveðið var að styrkja félagið um kr. 50.000,-.
10. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, lagt fram til kynningar og umræðu. Ákveðið var að oddviti muni í ljósi þessa vera í sambandi við Kpmg ehf, varðandi viðauka við fjárhagsáætlun 2019.
11. Jöfnunarsjóður, áætlun um tekjur og framlög árið 2019. Póstur frá Jóni Páli á Bolungarvík einnig lagður fram til kynningar. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa þegar mótmælt þessari þróun.
12. Bréf frá Háskóla Íslands varðandi vísindarannsókn um Áfallasögu kvenna. Lagt fram til kynningar.
13. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands varðandi skjalavörslu og skjalastjórn skrifstofu Árneshrepps. Mikilvægt er að hægt verði að uppfylla þau tilmæli sem gerð eru varðandi skjalavistun og fleira.
14. Fundargerð frá fundi með Landsneti á Hólmavík og varðandi stofnun verkefnisráðs. Fulltrúi verkefnisráðs fyrir hönd Árneshrepps var kosinn Guðlaugur Agnar Ágústsson Steinstúni. Til vara er kosin Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Í byrjun fundar kom til viðræðu við hreppsnefnd Jón Eiríksson frá Víganesi, vegna vinnu við endurnýjun glugga og fleira í Finnbogastaðaskóla. Jón mun senda hreppsnefnd tilboð í vinnu á skólahúsi vegna efniskaupa og vinnu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.

